Reykjavík, 19.02.2021
ÍLS/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps um lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Vísað er til tilkynningar sem birt var í samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 2. febrúar sl., vegna frumvarps til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. mál. 30/2021. Eftirfarandi er umsögn Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaganna Carbfix, Veitna og Orku náttúrunnar (eftirleiðis saman nefnd OR). OR hefur lengi bent á mikilvægi þess að auka skilvirkni og samþættingu ferla á sviði umhverfismats, sbr. t.d. umsögn OR, dags. 27. nóvember 2020, við áformaskjal ráðuneytisins sbr. mál S-243/2020. Er það því fagnaðarefni að frumvarpið líti nú dagsins ljós.

Hugtakið umsagnaraðilar

OR telur að dýpka megi skilgreiningu hugtaksins *umsagnaraðilar* sbr. 11. tl. 3. gr. frumvarpsins. Veitur fara með rekstur lögbundinna verkefna sveitarfélaga sbr. rekstur fráveitu og vatnsveitu og er framsal verkefnanna í samræmi við lög um viðkomandi miðla. Þrátt fyrir að handhöfn þeirra sé í höndum fyrirtækisins hefur ítrekað láðst að leita umsagnar þess vegna framkvæmda í nágrenni vatnsbóla og vatnsverndarsvæða. Eðlilegt er að þegar aðila hefur verið falið slíkt lögbundið hlutverk sé leitað þangað eftir umsögnum um mál er varða hagsmuni þá er hann fer með og varða samfélagslega mikilvæga innviði.

Þá má velta því fyrir sér hvort einnig ætti að fella undir skilgreininguna aðra aðila sem reka samfélagslega mikilvæga innviði á borð við fjarskiptastrengi en slíkir aðilar starfa á einkamarkaði og falla ekki undir skilgreininguna eins og hún er nú. Mögulega mætti aðlaga hana betur að framangreindu.

Stafræn málsmeðferð

Það er mikilvægt framfararskref og eykur gagnsæi að bjóða upp á gagna- og samráðsgátt um skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar. Það veitir stjórnvöldum aðhald og eykur traust á stjórnsýslunni. OR hefur góða reynslu af samráðsgátt stjórnarráðsins og vonar að gagna- og samráðsgátt Skipulagsstofnunar verði jafn aðgengileg og opin. Benda má á að það hefur reynst vel að boðið sé upp á áskriftarþjónustu um mál sem skráð eru inni í gáttinni og vonar OR að sambærileg þjónusta verði í boði á svæði Skipulagsstofnunar eins og stofnunin býður nú þegar upp á í tengslum við breytingar á skipulagi.

Forsamráð

OR hefur hingað til leitast eftir því að eiga í nánu samtali við leyfisveitendur og aðra hagaðila áður en gögnum hefur verið skilað. Það er því jákvætt að forsamráð sé sérstaklega fest í sessi með 7. gr. frumvarpsins sem valkvætt en formlegt ferli.

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Sími • Tel. +354 516 6100
www.or.is

Sameining skýrslugerðar og kynningar samkvæmt skipulagslögum

Það er jákvætt að mögulegt verði að sameina mat á umhverfisáhrifum og deiliskipulagsgerð. Það kalli á að tillögur verði sendar til umsagnar sameiginlega, auglýsingar verði sameinaðar sem og kynningartími. Þetta er til þess fallið að gera ferlið aðgengilegra fyrir almenning og aðra. Í lokamálslið 9. gr. er fjallað um samráð við leyfisveitendur varðandi framangreint og er í athugasemdum vísað til þess að ólíklegt sé að til þess komi. Hins vegar vill OR benda á að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í annarri löggjöf geti verið að finna ákvæði sem varða mat á áhrifum, sem hentugt yrði að samræma umhverfismati samkvæmt frumvarpinu. Þetta vekur upp spurningar og mögulega mætti skýra þetta nánar með því að vísa til þeirra ákvæða sem gætu fallið þarna undir.

Efnisatriði 1. viðauka við frumvarpið

2.04 Djúpborun

Í tl. 2.04 er notað hugtakið "Djúpborun" þegar fjallað er um borholur sem gegna ýmsum tilgangi. OR telur að hér sé ekki rétt notkun á hugtakinu í skilningi jarðvísinda. Nær væri að nota einfaldlega hugtakið borun í þessu samhengi. Þá er bent á að ekki er fjallað um borun niðurdælingarholna í tl. 2.04, hvort sem þær eru hugsaðar til niðurdælingar vökva á jarðhitasvæðum eða niðurdælingar koldíoxíðs.

3.07 Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns sem tengist iðnaðarframkvæmdum.

Vel ber að merkja að skiljuvatnslagnir jarðvarmavera hafa í áratugi innihaldið töluvert uppleyst magn CO_2 og eru því í eðli sínu, einnig hvað varðar stærð og umfang, svipaðar lagnir og þær sem flytja uppleyst CO_2 sem dæla á niður í berglög með t.d. Carbfix-aðferðinni. Það er því hefð fyrir slíkum vatnslögnum hérlendis í orkuiðnaði sem jarðvarmavirkjanir og hitaveitur tilheyra og eru samfélagslega mikilvægir innviðir. OR telur eðlilegt að slíkar lagnir séu áfram flokkaðar sem vatnslagnir og það eigi einnig við sé Carbfix-aðferðinni beitt í iðnaðarframkvæmdum eins og við álver og annan iðnað, enda sé uppleyst gas minna en 5% þess massa sem streymir um lagnirnar. Ljóst er regluverk ESB í þessum efnum horfir til lagna sem flytja CO_2 á gasformi. Hvert tonn CO_2 uppleyst í vatni kallar á að u.þ.b. 25 falt vatnsmagn. Sverleiki lagna er þ.a.l. langtum meiri en fyrir sambærilegt magn CO_2 sem flutt er á gasformi auk þess sem áhættan sem fylgir flutningi vatni með uppleystu gasi er minni en flutningur á gasi, m.a. vegna lægri þrýstings.

3.08 og 3.09 Viðmið vegna leiðslna

OR telur að samræma þurfi tl. 3.08 og 3.09 við þau viðmið sem við á í tilskipun 2011/92. Í gildandi lögum er ósamræmi til staðar líkt og bent var á í áðurnefndri umsögn OR frá því í nóvember 2020. Vissulega hafa breytingar verið gerðar til rýmkunar viðmiðanna. Þrátt fyrir það er ósamræmi enn til staðar án þess þó að það sé sérstaklega rökstutt í athugasemdum við frumvarpið. Er því lagt til að viðmiðin verði eins og lengdar- og stærðarmörkin eru í tilskipun ESB 2011/92 þ.e. 40 km langar leiðslur og 80 cm þvermál í stað 10 km að langra og 50 cm í þvermál eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Verði ekki fallist á það er kallað eftir því að málefnaleg og góð rök verði færð fyrir því af hverju vikið sé frá því sem tilskipunin gerir ráð fyrir.

3.17 Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni sem nemur 2.500 kW uppsettu afli eða meira, utan þess sem fellur undir tölulið 3.02.

Í tölulið 3.17 er það ekki alveg ljóst hver skilgreiningin á útreikningum að baki kW sé. Varmaafl í formi gufu eða heits vatns er hægt að reikna út frá mismunandi viðmiðunar-

hitastigi, t.d. niður í 30-40 °C í tilfelli varmaafls til hitaveitu. Miklu getur munað þar um hvaða viðmiðunarhitastig er notað þegar kemur að fjölda kW. Nauðsynlegt er að tilgreina t.d. í skýringum við ákvæðið með hvaða hætti viðmiðunarhitastig í þessu tilviki er reiknað. Mögulega mætti skilgreina fast viðmiðunarhitastig fyrir varmaafl, t.d. meðaltals umhverfishitastig (ca 5°), hitastig í bakrás hitaveitna (ca 30°C) eða hitastig í bakrás iðnaðarferla (allur skalinn af hitastigum).

Þá telur OR það ranga nálgun að taka út tilvísun í jarðvarma og láta duga að hugtakið iðjuver taki til hans. Það dregur úr skýrleika og OR leggur frekar til að hugtakið jarðvarmaorkuver verði notað í samræmi við aðra töluliði sem tilgreina t.d. vind- og vatnsorkuver svo dæmi séu nefnd.

3.18 Geymslusvæði fyrir koltvísýring (CO_2) í jörðu.

Í tölulið 3.18 er fjallað um geymslusvæði fyrir koltvísýring. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er um framkvæmdaflokk að ræða sem samsvarar 22. tl. í viðauka I við tilskipun 2011/92/EB. Í tilskipuninni er vísað til þess að undir flokkinn falli geymslusvæði samkvæmt tilskipun 2009/31/EB um niðurdælingu á CO_2. Áréttað er að undir síðarnefndu tilskipunina falla ekki verkefni til rannsóknar, þróunar eða prófunar á nýrri framleiðsluvöru og nýjum vinnsluferlum ef fyrirhuguð heildargeymsla er undir 100 kílótonnum. Af þessu leiðir að svæði þar sem til stendur að dæla niður í framangreindum tilgangi og undir 100 kílótonna viðmiðunarmagninu falla hvorki undir tilskipun 2009/31/EB og þar af leiðandi ekki undir tölulið 3.18 í frumvarpinu sbr. 22. tl. tilskipunar í viðaka I við tilskipun 2011/92/EB.

3.19 Mannvirki sem hafa þann tilgang að fanga koltvísýring (CO_2)

Í tölulið 3.19 er fjallað um mannvirki sem hafa þann tilgang að fanga CO_2 til geymslu í jörðu frá verksmiðjum eða iðjuverum sem heyra undir flokk A eða frá verksmiðjum og iðjuverum þar sem árleg heildarföngun CO_2 nemur 1,5 megatonnum eða meira. Það er eðlilegt að sníða verkefnum sem fanga CO_2 frá verksmiðjum eða iðjuverum sama stakk eftir því hvort horft er til þess að dæla CO_2 niður í berglög eða búa til nýjar afurðir eins og t.d. rafeldsneyti úr straumnum. Þar sem um samskonar mannvirki til föngunar er að ræða er eðlilegt að um þau gildi sömu viðmið samkvæmt löggjöf um mat á umhverfisáhrifum. Í tölulið 6.01 er fjallað um efnaverksmiðjur sem framleiða m.a. lífrænt og ólífrænt hráefni og væri ákjósanlegt að skýra hvort rafeldsneytisframleiðsla sem horft er til að hefja í auknum mæli hér á landi falli þar undir. Þá er að lokum bent á að mannvirki sem fanga CO_2 beint úr andrúmslofti geta verið af mjög svipuðum meiði og mannvirki sem fanga CO_2 frá verksmiðjum eða iðjuverum en þeirra er ekki getið í 1. viðauka við frumvarpið. Ljóst er að aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum og orkustefna landsins munu leiða til aukinnar föngunar CO_2 bæði með förgun og hagnýtingu í huga og er mikilvægt að matsferill þeirra liggi ljós fyrir og að samræmi sé í meðhöndlun sambærilegra mannvirkja.

OR þakkar fyrir tækifærið að fá að gera athugasemdir við frumvarpið og upplýsir að fulltrúar hennar eru reiðubúnir að gera frekari grein fyrir þeim sem og svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að vakna við rýni þeirra af hálfu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður